

| Upplýsinga- og tæknimennt                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | 4. bekkur                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Kennarar:</b> Erla María Andrésdóttir og Ingunn Rós Valdimarsdóttir<br><b>Nemendur:</b> 35                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Menntagildi námsgreinar:</b><br><br><p>Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.</p> <p>Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.</p> <p>Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.</p> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Námsflokkar:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Kennsluhættir                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Vinnulag og vinnubrögð                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | <b>Nemandi getur:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,</li> <li>sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,</li> <li>beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu,</li> <li>gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna í tölvuveri/Ipad kennslu í einstaklings- og hópavinnu í tengslum við verkefnavinnu í öðrum námsgreinum.</li> <li>Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námeninu almennt t.d við hugarreikning og stafsetningu.</li> </ul> |
| Upplýsingaöflun og úrvinnsla                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | <ul style="list-style-type: none"> <li>leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>nýtt rafrænt og gagnvirkir námsefni,</li> <li>nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> </ul>                                                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Tækni og búnaður                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>notað forrit við einföld ritunarverkefni.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                               |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Sköpun og miðlun                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>notað forrit / hugbúnað við miðlun þekkingar á einfaldan hátt,</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Siðferði og öryggismál                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | <ul style="list-style-type: none"> <li>farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra,</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |

**Kennslugögn:** Word og ýmsir vefir og leikir af mms.is

**Námsmat:** Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.